



Fá merki um mikla slökun á vinnumarkaði

Áframhaldandi spennu á vinnumarkaði

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands er áætlað er að 202.600 manns á aldrinum 16–74 ára hafi verið á vinnumarkaði í september 2018, sem jafngildir 80,8% atvinnuþátttöku. Af þeim voru 199.500 starfandi og 3.100 án vinnu og í atvinnuleit. Hlutfall starfandi af mannfjölda var því 79,6% og hlutfall atvinnulausra af vinnuafli var 1,5%. Starfandi fólk var um 12 þúsund fleira nú í september en var í september í fyrra. Fjölgun starfandi fólks á vinnumarkaði var mikil og stöðug fram á mitt síðasta ár sé miðað við 12 mánaða meðaltal. Þá tók við tímabil minni aukningar, en upp á síðkastið hefur færst meiri kraftur í aukninguna.

Atvinnuþátttaka hefur minnkað töluvert

Atvinnuþátttaka í september í fyrra var 83% og 81,8% í ár, þannig að þróunin hefur verið niður á við.




Sé litið á 12 mánaða meðaltal jókst atvinnuþátttaka stöðugt frá upphafi ársins 2015 fram til vorsins 2017. Frá maí 2017 fram til maí í ár dró úr atvinnuþátttöku um 1,8 prósentustig, sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal, en atvinnuþátttaka hefur verið nokkuð stöðug síðan. Á þann mælikvarða er atvinnuþátttaka nú svipuð og var í upphafi ársins 2015.

Vinnutími lengist

Lengd vinnutíma var svipuð í september og var í september 2017. Sé miðað við 12 mánaða meðaltal var vinnutíminn í september sá sami og var í sama mánuði í fyrra og hefur hann verið nokkuð stöðugur á þann mælikvarða allt þetta ár.

Vinnuafslnotkun eykst

Sé litið á breytinguna milli þriðja ársfjórðungs 2017 og 2018 fjölgaði heildarvinnustundum mikið, eða um 4,3%. Aukningin var töluvert umfram ársvöxt





undanfarinna fimm fjórðunga. Meðalvinnuvikan lengdist um 0,3% og starfandi fólki fjölgaði um 4,1%. Spenna á vinnumarkaðnum er því ekki að minnka miðað við þessar tölur og þær eru í ágætu samræmi við þær hagvaxtartölur sem Hagstofan hefur birt á árinu. Töluverður kraftur virðist því enn fyrir hendi á vinnumarkaðnum.

Atvinnuleysi í lágmarki

Sé litið á 12 mánaða hlaupandi meðaltal hefur atvinnuleysi verið nær óbreytt lengi eftir að það minnkaði stöðugt fram á mitt síðasta ár. Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða miðað við mælingar Hagstofunnar var 2,8% í september og hefur sú tala verið nær óbreytt í rúmt ár og var einnig 2,8% í september í fyrra. Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar um skráð atvinnuleysi var 2,2% nú í september, og var einnig 2,2% í september í fyrra. Atvinnuleysi virðist því hafa náð lágmarki og er þess ekki að vænta að dragi meira úr því - frekar að það muni aukast. Samkvæmt nýrri [þjóðhagssþá Hagfræðideildar](#) reiknum við með 2,2% atvinnuleysi í ár á mælikvarða Vinnuálastofnunar, 2,7% á árinu 2019 og 3% á árunum 2020 og 2021.

Enn verulegur innflutningur á vinnuafli


Eins og margoft hefur verið fjallað um hefði þensla á vinnumarkaði orðið umtalsvert meiri en raunin varð ef ekki hefði komið til verulegur innflutningur á vinnuafli til landsins. Þessi þróun hefur haldið nær linnulaust áfram.

Miðað við tölur fyrir þriðja ársfjórðung fjölgar erlendu vinnuafli enn, en þó hefur hægt á fjölguninni frá því í fyrra.


Á 3. ársfjórðungi 2018 voru erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi rúmlega 43 þúsund, eða um 12,2% þjóðarinnar, og hafði hlutfallið hækkað úr 10,6% á 3. ársfjórðungi 2017. Á þessu ári hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað um 18,4% miðað við sama tíma á síðasta ári. Á sama tíma hefur Íslendingum fjölgað um 0,7%.

Á fyrstu þremur ársfjórðungum þessa árs voru aðfluttir útlendingar umfram brottflutta á aldrinum 20-59 ára um 4.900 og hafði fækkað um u.þ.b. 1.100 frá sama tíma síðasta árs. Það hefur því dregið úr fjölguninni en engu að síður er tilflutningur vinnuafis mikill.


Atvinna og vinnutími, ársfjórðungar



Atvinnuleysi skv. mælingum Hagstofu og Vinnuálastofnunar



Flutningar og erlendir ríkisborgarar





Kannanir í samræmi við hagtölur

Nú í haust vildu 4% fleiri fyrirtæki fjölga starfsfólki en fækka því samkvæmt könnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins. Þetta er ekki mikil breyting frá síðustu tveimur könnunum. Samkvæmt könnuninni má ætla að starfsfólki muni fjölga áfram í iðnaði og framleiðslu, sem og í verslun. Eins og áður reikna fleiri fyrirtæki í sjávarútvegi frekar með að fækka starfsfólki en að fjölga.

Samkvæmt sömu könnun Gallup á um 20% fyrirtækja erfitt með að manna störf sem er nálægt sögulegu meðaltali. Þetta hlutfall hefur lækkað um 5% frá síðustu könnun sem gerð var í sumar og um 15% frá sama tíma í fyrra. Vísbendingar eru um að starfsfólki muni fækka í fjármálastarfsemi og í ferðaþjónustutengdum greinum.


Þá taldi tæplega helmingur fyrirtækja að hann ætti í erfiðleikum með að mæta óvæntri eftirspurn. Það er um 5% aukning frá því í sumar. Svokölluð NF-vísitala (samsett úr fjölda vísbendinga um nýtingu framleiðslupátta) hefur farið lakkandi frá hámarki sínu um mitt árið 2016. Það er vísbending um að nýting framleiðslupátta sé orðin nokkuð eðlileg.

Komandi kjarasamningar


Vinna við næstu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði er nú þegar hafin. Mikil eftirspurn eftir starfsfólki og áframhaldandi tilflutningur erlends vinnuafls eru vísbendingar um að staða launafólks á vinnumarkaðnum sé enn nokkuð sterk.

Þær spár um hagvöxt sem hafa komið fram undanfarið benda til þess að hagvöxtur verði í kringum 4% í ár en töluvert minni á næstu árum. [Hagfræðideild Landsbankans spáir](#) t.d. 3,9% hagvexti í ár, 2,4% 2019 og 2,2% 2020 og 1,9% 2021. Þetta er viðunandi hagvöxtur að flestra mati miðað við að hagsveiflan hefur væntanlega náð toppi sínum. Fá merki eru um að staðan á vinnumarkaðnum mundi breytast mikið á næstu mánuðum þannig að vinna við kjarasamninga mun fara fram í vinnumarkaðsumhverfi sem er í þokkalegu jafnvægi og í sterkri stöðu.

Aðfluttir erlendir ríkisborgarar umfram brottflutta, 20-59 ára



Nýting framleiðslupátta fyrirtækja



Brotalína er meðaltal árátt 2006 til 2018
Heimild: Gallup, Seðlabanki Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.